



Fimmti fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2020 - 2021 Haldinn í fjarfundi 13.04. 2021 klukkan 13:30.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, skólastjóri.

Fundaritari: Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Mættir:

Stjórnendur: Valdimar Víðisson, skólastjóri og Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Fulltrúar foreldra: Snædís Ö. Flosadóttir. Thelma K. Þrastadóttir boðaði forföll.

Fulltrúar starfsmanna: Guðlaug Helgadóttir, Skúli Pálsson, Sigurveig Þormar og Sigþór Ö. Rúnarsson.

Fulltrú grenndarsamfélagsins: Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Fulltrúar nemenda: María Hólmfríður Fons Eiríksdóttir og Þórdís F. Atladóttir.

Dagskrá:

1. Sóttvarnaaðgerðir. Skólastjóri fór yfir reglugerð um skólastarf og sóttvarnaaðgerðir sem gilda til 15.04.2021. Skólastjóri fór einnig yfir verklag vegna tveggja smita sem hafa borist inn í skólann í lok mars og svo aftur í byrjun apríl.
 - a. Óbreytt staða hjá nemendum næstu þrjár vikurnar.
 - b. Minnkar bilið milli starfsmanna, má vera 1 meter í stað tveggja.
2. Næsta skólaár. Skólastjóri ræddi um skólaárið 2021 – 2022.
 - a. Fjöldi nemenda. Það er gert ráð fyrir að nemendur verði 620 – 630 á næsta skólaári. Síðustu ár hefur fjölgað verulega í skólanum en fyrir 4 árum voru nemendur 540. Næstfjölmennasti skólinn í Hfj á eftir Hraunvallaskóla.
 - b. Spurt hvort verðandi 10. bekkur verður skipt upp í þrjá umsjónarhópa. Deildarstjóri, í samvinnu við nemendur og kennara fara í að skipta árganginum.
 - c. Starfsmenn. Búið er að ganga frá ráðningu í flestar stöður. Erum vel mönnum réttindakennurum. Þeir leiðbeinendur sem starfa í skólanum eru allir í námi. Heimilt er að ræða leiðbeinanda í 2 ár á meðan hann klárar sitt nám.
 - d. Aðstaða í skólanum. Það er þéttsetið í öllum rýmum skólans. Á næsta skólaári þarf að bæta við einum bekk í miðdeild. Sérkennsla sem er í stofu 13 verður á öðrum stað og stofa 13 nýtt sem heimastofa nemenda.
 - e. Auglýst verður í júní eftir starfsfólki fyrir næsta vetur í Seli.
3. Kynjaskipting í sundi á unglíngastigi. Skólastjóri fór yfir rök með og á móti því að hafa kynjaskipting í sundi. Var ákveðið að kynjaskipting fyrir 15 árum síðan með þeim rökum að börnin væru öruggari að vera með eigin kyni í sund. Tímarnir hafa breyst mikið síðustu ár og mikil vitundarvakning um líkamsvirðingu og kynvitund. Skólastjóri hefur rætt við aðra skóla og hvergi í Hafnarfirði er kynjaskipting.
 - a. Tillaga að það verði ekki kynjaskipting í sundi á næsta skólaári nema í 10.b 8.b. og 9.b. fari í sund í bekkjum.
 - b. Ekki hefur verið betri mæting í sund þrátt fyrir kynjaskiptingu.
 - c. Fulltrúar nemenda telja að stelpur munu alveg hætta að mæta ef það er blöndun í sundi. Leggja til að fulltrúar nemenda í skólaráði fari inn í bekkir og geri skoðanakönnun meðal nemenda í unglíngadeildinni.

- d. Sjónarmið foreldra eru mismunandi, fylgja eflaust báðum leiðum. Erfið ákvörðun að taka. Gott að taka umræðuna með þessum hætti, ræða við fulltrúa nemenda og nemendur almennt.
 - e. Fulltrúi kennara – mikilvægt að þetta sé rætt sem allra ítarlegast með nemendum. Nýta lýðræðið. Nemendur eiga að hafa rödd og skoðun.
 - f. Allir þurfa að vera sáttir við ákvörðunina og hvers vegna hún verður tekin.
4. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins. Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður foreldrakönnunar. Heilt yfir afar jákvæðar niðurstöður.
- a. Fulltrúi foreldra lýsir ánægju með niðurstöður.
 - b. Spyr um atriðið sem skólinn fær ekki góða niðurstöður, þátttaka foreldra í að gera námsáætlun með börnunum sínum. Þarf að skoða nánar og jafnvel eru foreldrar ekki að skilja spurninguna.
 - c. Nemendakönnunin líka að koma vel út, það sem af er komið.
 - d. Verið að fara yfir niðurstöður starfsmannakönnunar – kynntar síðar.
5. Önnur mál
- a. Næsti fundur verður að öllum líkindum fjarfundur, en vonandi getur hópurinn hist í júní.

Fundi slitið klukkan 14:15
Margrét Sverrisdóttir